# Hörðuvellir. Mörk skipulagssvæðis
# Breytt deiliskipulag.

smari sprettur/ vatnsendi/deil. ibudarsv._ mai 02 deiliskipulag

## Greinargerð.

**Stærð og afmörkun:**
Á deiliskipulagssvæðinu sem liggur að stærsta hluta á Hörðuvöllum sem er svæðið milli Rjúpnahæðar og Vatnsendahvarfs er í gildi deiliskipulag Hörðuvalla sem samþykkt var í bæjarráði 24. júní 2003 og birt í B- deild Stjórnartíðinda 12. nóvember 2003.

**Forsendur og markmið:**
Bæjarstjórn Kópavogs og borgarstjórn Reykjavíkur hafa samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir þriðja áfanga Arnarnesvegar sem liggur frá Rjúpnavegi að Breiðholtsbraut og er fyrirhuguð lega hans ásamt legu göngu- og hjólaleiðar yfir eða undir Arnarnesveg sýnd á deiliskipulagsuppdrætti. Breytingin er í samræmi við staðfest Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040 sem gerir ráð fyrir að vegstæði Arnarnesvegar færist að jafnaði fjær íbúðarbyggðinni í Dorfa- Dranga- Fjalla, Gnita og Keifakór.

**Tillaga að breytingu:**
Í tillögunni felst að breyta mörkum skipulagssvæðis Hörðuvalla í samræmi við deiliskipulag fyrir þriðja áfanga Arnarnesvegar sem auglýst er samhliða breyttu deiliskipulagi þessu. Þar sem gert er ráð fyrir brú eða undirgöngum undir Arnarnesveg rétt norðaustan hringtorgs við Rjúpnaveg geta göngu- og hjólastíga færst nær íbúðarbyggð við Desjakór.

**Möguleg umhverfisáhrif:**
Við breytta legu Arnarnesvegar og færslu skipulagsmarka er það mat skipulagsdeildar að umhverfisáhrif á umhverfisþáttinn heilsa og hljóðvist (umferð) verði minni á íbúðarbyggð við Desja,- Dorfa,- Dranga,- Fjalla,- Gnita og Kleifakór þar sem vegstæðið færist að jafnaði fjær byggðinni.
Áhrif nýrrar legu Arnarnesvegar hefur ekki áhrif á útsýni frá Dorfa,- Dranga,- Fjalla,- Gnita,- og Kleifakór en hús við Desjakór 3, 5, 7, 8 og 10 verða meira var við hjólandi,- og gangandi umferð frá nýjum göngustíg Arnarnesvegar.

Kópavogi 17. janúar 2022

Auður D. Kristinsdóttir, skipulagsfulltrúi

## Skýringar

- Byggingarreitur
- Bílageymsla í kjallara (byggingarreitur)
- Bindandi byggingarlína
- Mörk skipulagssvæðis
- Mörk skipulagssvæðis Arnarnesvegar
- Lóðarmörk
- N m2. — Flatarmál lóða
- 5 h+k — Fjöldi hæða og kjallari
- Kvöð um trjágróður
- B 24/0,7 — Heildarfjöldi bílastæða/ hlutfall í kjallara
- Öryggisgirðing við vegi
- Reiðleið
- Göngustígur
- Jarðsprunga — Þekktar sprungur
- Hús fjarlægð
- Deiliskipulag fellt að þeim húsum sem fyrir eru
- Manir, hæð um 2,5 metrar
- Hesthús
- Upphækkun og/eða þrenging
- Gömul landamerki (leigulanda - bletta) /girðingar
- Breyting á mörkum skipulags




Hluti úr gildandi deiliskipualgi Hörðuvalla samþ í bæjarráði 24. júní 2003 og birt í B- deild Stjórnartíðinda 12. nóvember 2003. Mkv. 1:2000
Grunnmynd




Tillaga að breyttu deiliskipulagi Hörðuvalla, Mörk skipulagssvæðis. Mkv. 1:2000
Grunnmynd



Skýringarmynd. Gildandi deiliskipulag. Sneiðing X-X mkv. 1:1000.



Tillaga að breyttu deiliskipulagi. Sneiðing X-X, mkv. 1:1000




Hluti Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040

Staðfest af 30. desember 2021

Umhverfissvið, skipulagsdeild.
17. janúar 2022, Smári Smárason, arkitekt.